

**1915 nr. 33 3. nóvember****Lög um verkfall opinberra starfsmanna<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> *Lög þessi ná ekki til þeirra, sem heimilt er að gera verkfall skv. l. 94/1986, sbr. 14. gr. þeirra laga.*

**Tóku gildi 5. nóvember 1915.** Breytt með l. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983), l. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991) og l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998).

**■ 1. gr.**

□ Hver sá, er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfar landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar, skal sæta [sektum eða [fangelsi allt að 2 árum],<sup>1)</sup><sup>2)</sup> eða embættis- eða sýslunarmissi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. . . .<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> *L. 82/1998, 144. gr. <sup>2)</sup> L. 10/1983, 1. gr.*

**■ 2. gr.**

□ Hver sá, er hvetur eða tælir embættis- eða sýslunarmann eða ógnar honum til slíks verkfalls, er í 1. gr. segir, án þess að

taka sjálfur þátt í því, eða veitir á annan hátt tilstyrk sinn til þess að slíkt verkfall hefjist eða haldi áfram, skal sæta [sektum eða [fangelsi allt að 2 árum],<sup>1)</sup><sup>2)</sup> ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

<sup>1)</sup> *L. 82/1998, 144. gr. <sup>2)</sup> L. 10/1983, 1. gr.*

**■ 3. gr.**

□ Embættis- eða sýslunarmaður, sem ógnar með að taka þátt í verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, . . .<sup>1)</sup> enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

<sup>1)</sup> *L. 10/1983, 1. gr.*

**■ 4. gr.**

□ Sá, er ógnar embættis- eða sýslunarmanni eða hvetur eða tælir hann til að ógna með verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, . . .<sup>1)</sup> enda liggi eigi þyngri refsing við að öðrum lögum.

<sup>1)</sup> *L. 10/1983, 1. gr.*

**■ 5. gr. . . .<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> *L. 19/1991, 194. gr.*